



9. desember 2021  
Tilv.: 2111115

Dreifibréf nr. 70/2021  
til fjármálafyrirtækja og  
Samtaka fjármálafyrirtækja

*Efni:* Viðmiðunarreglur EBA um innri stjórnarhætti.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja (EBA/GL/2021/05), sbr. 74. gr. tilskipunar 2013/36/ESB (CRD).<sup>1</sup> Viðmiðunarreglurnar taka gildi 31. desember 2021 og leysa af hólmi viðmiðunarreglur EBA/GL/2017/11 um sama efni.<sup>2</sup> Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar [hér](#).

Viðmiðunarreglurnar útfæra nánar ákvæði um stjórnarhætti í CRD tilskipuninni, sbr. 54. gr., 54. gr. a og 78. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, m.a. um hlutverk og ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjórnar, stjórnskipulag og gagnsæi í skipulagi. Viðmiðunarreglurnar tilgreina einnig hvernig skal tryggja stjórnun áhættu þvert á varnarlínurnar þrjár (e. Three lines of defence). Þá er fjallað um ítarlegar kröfur um aðra varnarlínu (starfssvið áhættustýringar annars vegar og starfssvið regluvörslu hins vegar) og þriðju varnarlínu (innri endurskoðun).

Í þessari útgáfu viðmiðunarreglnanna hefur verið bætt við ákvæðum er lúta meðal annars að því að efla trausta áhættumenningu sem stjórn og stjórnendur bera ábyrgð á að innleiða, styrkja yfirsýn stjórnar á starfsemi fyrirtækisins, ásamt því að styrkja umgjörð áhættustýringar, þ.m.t. áhættuþætti sem varða umhverfi, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS) (e. Environmental, social and governance (ESG)) og aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þá er útfærð krafa um að tilgreina skuli aðila í framkvæmdastjórn sem ber ábyrgð á aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.<sup>3</sup> Jafnframt eru útfærðar nýjar og ítarlegri kröfur er lúta að verklagi og skjalfestingu á lánum og öðrum viðskiptum meðlima stjórnar og framkvæmdastjórnar.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, nr. 24/2017, eiga lögbær yfirlit og eftirlitsmyndir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum evrópsku eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samhæfðri, skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska

<sup>1</sup> Guidelines on internal governance under Directive 2013/36/EU

<sup>2</sup> <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/ees-vidmidunarreglur/eba/nr/3076>

<sup>3</sup> Þetta getur ekki verið sami aðili og er tilgreindur ábyrgðarmaður vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnunar hryðjuverka (t.d. regluvörður), sbr. 1. mgr. 34. gr. laga nr. 140/2018.

fjármálakerfisins auk þess að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) beinir því til fjármála-fyrirtækja að kynna sér viðmiðunarreglurnar EBA/GL/2021/05 og taka mið af þeim í starfsemi sinni frá 31. desember 2021.

Dreifibréf þetta mun birtast á vefsíðu Seðlabankans ásamt slóð á ensku útgáfu viðmiðunarreglnanna. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunareglurnar í eftirlitsfrankvæmd og við mat á því hvort kröfum samkvæmt þeim ákvæðum laga sem fjallað er um hér að framan er fullnægt.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fjármálaeftirlit



Elmar Ásbjörnsson  
frankvæmdastjóri  
bankar



Hjálmur Nordal  
forstöðumaður  
bankar